

Mánudaginn 21. nóvembermán.

Nr. 15/1881

Þórður Jónsson  
 gegn  
 Eiríki Ásmundssyni.

D ó m u r :

Með stefnu, dagsettri 30. ágústmán. næstl., hefir áfrýjandi þessa máls, Þórður Jónsson, skotið til yfirdómsins dómi, gengnum á bæjarþingi Reykjavíkur kaupstaðar 2. júnímán. þ. á., í máli, er áfrýjandi hafði höfðað á hendur stefnda út af kaðlakaupum þeirra á milli, og kveður sá dómur svo á, að hinn stefndi skuli sýkn fyrir kærnum og kröfum sækjandans, Þórðar Jónssonar, í því máli, en málskostnaður er látinn falla niður.

Fyrir yfirdóminum hefir áfrýjandinn, Þórður Jónsson, krafizt *fyrst og fremst*: að hinn stefndi, Eiríkur Ásmundsson, gegn því að áfrýjandi borgi honum 70 krónur, verði dæmdur til að skila sér öllum þeim köðlum, er hann hafi keypt af honum 15. febrúar þ. á., í sama ástandi og þeir voru þá, eður með ofanálagi eftir óvilhallra manna mati, ef skemst hafa og á þá vantar, og að hann borgi allan af máli þessu fyrir báðum réttum löglega leiddan kostnað skaðlaust, en *til vara*: að hinum stefnda ekki verði dæmt nema 45 kr. fyrir það, sem hann skildi eftir af »vantinum«, en svari til ofanálags einnig fyrir það, sem það síðan hefir skemst, eftir óvilhallra manna mati, og að hann einnig verði dæmdur í fullan málskostnað fyrir báðum réttum.

Aftur á móti hefir hinn stefndi krafist, að undirrettardómurinn verði staðfestur, og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað, fyrir yfirdómi með 25 kr., eða einhverju nægilegu eftir mati réttarins.

Mál þetta er risið út af kaðlakaupi, er fram fór milli

málsaðila 15. febr. þ. á.; segir áfrýjandinn, að hinn stefndi hafi selt honum alla þá kaðla, er fastir voru við stórsiglu-tréð af skipinu »Notre Dame des Anges«, að framstagnum einum undanskildum, en hinn stefndi kveðst einungis hafa selt honum það af vantinum, sem hann afhenti honum þegar 15. febrúar.

Áfrýjandi hefir málstað sínum til stuðnings leitt 2 vitni. Hefir annað þeirra borið og unnið eið að því, að það hafi hlýtt á, að hinn stefndi hafi selt áfrýjanda allan vantinn að undanskildum framstagnum, en hefir þó jafnframt tekið það fram, að það þori ekki að staðhæfa, að það hafi hlýtt á alt viðtal þeirra í það skifti. Hitt vitnið hefir borið og svarið, að það eftirá hafi heyrt hinn stefnda segja, að hann hafi selt áfrýjanda vantinn af Notre Dame, og væri ekkert undanskilið nema stagurinn fram af. Það veikir sönnunaraft vitnisburðar hins fyrnefnda vitnis, er ekki var kvatt til að vera viðstatt kaðlasöluna sem vitni, að það ekki hefir hlýtt á alt viðtal málsaðilanna, þá er kaupin fóru fram, og því ekki hefir getað staðhæft, að kaupin hafi verið fullgjör og endileg meðan hann hlýddi á tal þeirra. Framburður hins síðar umgetna vitnis, sem ekki var við statt þá, er kaupin gjörðust, lýtur einungis að því, að það eftir á hafi heyrt hinn stefnda segja að hann hafi selt áfrýjanda allan vantinn nema framstaginn, og getur því enga þýðingu haft í þessu máli gegn neitun stefnda.

Það er því svo langt frá, að áfrýjandi gegn neitun stefnda hafi fært gildar sönnur á sitt mál, að hann ekki einu sinni hefir getað útvegað svo miklar líkur til þess að hann hermi rétt frá um kaupin, að nægi til þess, að stefnda samkvæmt L.—1—14—6 verði gerður synjunareiður.

Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða bæjarþingsdóm eftir atvikum einnig að því ákvæði hans um málskostnað

snertir. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist einnig eftir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi skal óraskað.  
Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 28. nóvbrmán.

Nr. 17/1881.

Peter B. Poulsen  
gegn  
Jóni Guðnasyni.

D ó m u r :

Mál þetta, sem Peter B. Poulsen í Kaupmannahöfn hefir höfðað gegn Jóni kaupmanni Guðnasyni útaf 2112 kr. 71 e. skuld, er hann þykist eiga hjá honum, er þannig vaxið, að hinn stefndi, Jón kaupmaður Guðnason, hafði sumarið eða haustið 1879 beðið mann nokkurn í Kaupmannahöfn, að nafni Jörgensen, um vörur, hafði hann áður fengið vörur frá honum, en í stað þess sjálfur að senda Jóni vörurnar, biður hann annan mann í Kaupmannahöfn, að nafni Poulsen, um að gera það, sem og svo sendi Jóni vörur með gufuskipinu í október s. á., en ekkert bréf eða reikningsyfirlit fylgdi með; var þetta ekki helmingur af vörum þeim, er Jón hafði beðið Jörgensen um, og ekkert af nauðsynjavörum þeim, er hann hafði um beðið, en með seinasta gufuskipinu s. á. sendi Poulsen honum aftur vörur, en þó mjög lítið af hinni umbeðnu nauðsynjavöru, og fylgdi þar með uppteiknun yfir vörurnar með fyrri ferðinni, og önnur yfir vörurnar með seinni ferðinni, en verðið var sett svo dýrt, að hér mátti fá þá sams konar vörur jafnvel með minna verði, og í bréfi sínu til hins stefnda, dags. 7. nóvbr. 1879, segir